



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 30. maí 2008

Ákvörðun nr. 35/2008

Samruni Sundagarða hf. og Borgarnes Kjötvara ehf.

I.

Þann 5. mars 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Sundagarða hf. (hér eftir SG) á öllu hlutafé Borgarnes Kjötvara ehf. (hér eftir BK). Við athugun Samkeppniseftirlitsins kom í ljós að framangreind samrunaskrá var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum bréf, dags. 10. mars sl., þar sem eftirlitið beindi því til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem koma áttu fram í tilkynningunni sem allra fyrst. Fullnægjandi samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu þann 13. mars sl. Í samrunaskránni kemur m.a. fram að starfsemi samrunaaðila og tengdra aðila verði eftir samrunann rekin undir merkjum hvors félags um sig. Þá fylgdi með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 21. desember 2007, ársreikningar samrunaaðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna og fleiri gögn.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup SG á BK í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 11. apríl 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Með ákvörðun nr. 32/2008 *Brot Sundagarða ehf. á tilkynningarskyldu um samruna* var Sundagörðum gert að greiða 750.000 kr. í sekt þar sem samrunatilkynning barst ekki innan lögbundins frests.

2.

Í samrunatilkynningu segir að SG sé fjárfestingarfélag sem fjárfesti aðallega í verðbréfum en eigi einnig og leigi fasteignir. Eigendur SG séu þau Gísli V. Einarsson, Edda I. Eggertsdóttir, Eggert Á. Gíslason, Guðný Edda Gísladóttir, Gunnar Þór Gíslason og Halldór Páll Gíslason en fram kemur að þetta séu sömu aðilar og eigi fyrirtækið Langisjór ehf. Langisjór sé aftur móðurfélag Brimgarða ehf., Mata hf., Matfugls ehf., Salathússins ehf. og 14. júní ehf.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Fram kemur að BK hafi orðið til við samruna Stjörnusalats ehf., Borgarnes Kjötvara ehf. og Borgarnes Matvæla árið 2006. Eigendur BK sé Sparisjóður Mýrarsýslu.

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að markmið SG með kaupunum væri að beina nýtingu framleiðsluþátta sem notaðir höfðu verið í rekstri BK í virðisaukandi starfsemi og stöðva þá soun sem hafði falist í óarðbærri starfsemi BK frá upphafi.

4.

Í tilkynningunni segir að starfsemi BK sé á sviði slátrunar búfjár, kjötvinnslu og salatgerðar. Engin starfsemi félagsins, að salatgerð undanskilinni, skarist við starfsemi sem SG eða tengd félög hafa með höndum. Segir að afurðir salatgerðar BK hafi keppt á sama markaði og afurðir Salathússins ehf. og verði því skörun í þeirri starfsemi félaganna við samrunann.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup SG á BK flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við salatgerð. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa SG á BK á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 21. desember 2007, keypti Sundagarðar ehf. allt hlutafjár í Borgarnes Kjötvörum ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. Samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson